



Viðtakandi: Menningar-, íþrótt- og tómstundarráð
Sendandi: Skrifstofustjóri íþróttaborgarinnar

Reykjavík, 10. september 2024
MIR24080013

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um fyrirkomulag íþróttastrætó íþróttafélaganna í Reykjavík

Á fundi menningar-, íþrótt- og tómstundaráðs þann 30. ágúst 2024 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Óskað er eftir greinargerð um fyrirkomulag íþróttastrætós, ferðapjónustu íþróttafélaganna í Reykjavík. Hvaða íþróttafélög veita slíka þjónustu og hvernig er staðið að henni? Hvernig er fyrirkomulag fjárstuðnings Reykjavíkurborgar við verkefnið og hvaða kostnað bera íþróttafélögin vegna þess? Hafa nýlega orðið breytingar á umræddri þjónustu, annað hvort til aukningar eða samdráttar?
MIR24080013

Svar:

Akstursþjónusta íþróttafélaganna hefur verið í boði síðan 2010. Upphaflega var fjárstuðningur Reykjavíkurborgar við verkefnið 10.000.000 kr. á ári. Hann hefur hækkað að meðaltali um 5 % á ári, sem er þá aðallega verðbætur. Reykjavíkurborg styrkir verkefnið fyrst og fremst í gegnum ÍBR, en hefur einnig greitt sértæka og tímabundna styrki beint til íþróttafélaga ef það hefur verið að aðlagast breyttu aksturssvæði s.s Fram og Víkingur. Þróun á styrkjum til íþróttafélaga vegna íþróttarútu seinustu ár:

ár	2021	2022	2023	2024	2025
Greiðsla til IBR	21.901.000 kr	22.782.000 kr	23.899.000 kr	27.388.000 kr	28.265.000 kr
Greiðsla til íþr.félags	2.500.000 kr	5.000.000 kr	5.000.000 kr	5.000.000 kr	5.000.000 kr
Alls	24.401.000 kr	27.782.000 kr	28.899.000 kr	32.388.000 kr	33.265.000 kr

1. Hvaða íþróttafélög bjóða þessa þjónustu

Þjónustan er fyrst og fremst hugsuð sem skutlþjónusta, það er að skutla börnum úr frístund á íþróttæfingu og stundum til baka. En þjónustan er einnig fylgd, það er að fylgja börnunum í rútum eða strætó eða gangandi.



Eftirfarandi þjónusta er í boði hjá félögunum m.v. vorið 2024:

Félag	Akstur	Fylgd	Þjónusta
Fjölnir	-	-	Treysta sér ekki til að standa undir neinum kostnaði tengt akstri og fylgd. Reyndu um tíma að fylgja börnum í strætó - en reyndist erfitt að manna. Reynt er að taka æfingar fyrir yngstu nemendur í skólaleikfimisölum á virkum dögum.
Fram	x	x	Aka börnum úr Grafarholti í Úlfarsárdal og síðan í Egilshöll.
Fylkir	x	x	Reka eigin 12 manna rútu og aka börnum fyrst og fremst til/frá Norðlingaholti/Ártúni.
ÍR	x	-	Notast við stóra rútu sem safnar börnum af stóru svæði og 4 frístundaheimilum og því tekur langan tíma að koma þeim á æfingu. Bagalegt að ekki sé fylgd.
KR	-	x	Treysta sér ekki til að standa undir kostnaði tengdum akstri. Þjóða börnum uppá gangandi fylgd. Frístund Landakotskóla fylgir börnum í strætó.
Valur	x	x	Safna börnum frá 3 frístundaheimilum og bjóða upp á fylgd. Aðgengi með strætó erfitt.
Víkingur	x	-	Eru fyrst og fremst að ná í börn í Safamýri og Gerðin til að koma á æfingar í Víkinni. Bagalegt að stundum er hópurinn mjög stór og þarf tvær ferðir til að sækja hann og koma á æfingu. Foreldrar hafa kvartað yfir öryggismálum í Víkinni það er umferð við íþróttahúsið og að eftirlit með börnum sé ekki nægjanlegt.
Þróttur/Ármann	x	x	Eru með sameiginlegan akstur og safna börnum af stóru svæði. Eru líka með æfingar í kennaraháskólanum.

2. Fyrirkomulag fjárstuðnings frá Reykjavíkurborg

ÍBR sér um að úthluta styrkjum tvisvar á ári það er fyrir haustönn og vorönn. Ef öll félög væru að bjóða akstur væri meðalstyrkur á félag um 3.0 mkr. á ári. Þeir þættir sem notaðir eru til að ákvarða upphæðina til tiltekins félags taka mið af, með mismunandi vægi :

- Er félag að bjóða upp á akstur
- Er félag að bjóða uppá fylgd
- Er félag að innheimta gjald fyrir aksturinn
- Er félag að bjóða akstur daglega
- Hversu margir iðkendur eru að þiggja þjónustuna



Þegar ofangreint hefur verið metið er styrkurinn á bilinu 2.0 – 5.0 mkr. á ári. Eins og kom fram hér að ofan, styrkir síðan Reykjavíkurborg félög beint ef sértækar akstursaðstæður eru hjá félögum, en það er þá tímabundinn aðlögunarstyrkur í flestum tilfellum.

3. Kostnaður íþróttafélaga við þessa þjónustu

Kostnaður íþróttafélaga er mjög mismunandi en öll hafa þau kvartað yfir hækkandi kostnaði vegna hærri leiguverðs á rútum. Það helgast aftur af markaðsaðstæðum í þeim geira. Einnig hefur reynst erfitt að manna fylgdina. Algeng sviðsmynd er að íþróttafélag bjóði tvær ferðir að íþróttasvæði og eina ferð frá því, það er þrjár ferðir á dag. Algengur kostnaður er um 50.000 kr. á dag og því kostar virkur akstursmánuður um 1.000.000 kr. miðað við að skutlað sé alla virka daga. Miðað við ÍBR úthlutunarreglur er hæsti styrkur um 550.000 kr. á virkum akstursmánuði.

Dæmi FRAM 2023 – kostnaður og tekjur (akstur og fylgd):

ár	tímabil	virkir aksturmán	alls kostnaður	Tekjur styrkur IBR	Tekjur innheimt gjald	Alls tekjur	net
2023	sept-maí	9	6.300.000 kr	3.623.000 kr	900.000 kr	4.523.000 kr	- 1.777.000 kr

4. Staða og horfur

Út frá jafnræði væri æskilegt að öll félög stæðu með svipuðum hætti að þjónustunni og myndu einnig innheimta svipað rútgjald. Fjölnir og KR drógu verulega úr þjónustunni 2022 – 2023 vegna kostnaðar og/eða flækjustigs. Nýverið hóf Víkingur að innheimta rútgjald og kynntu verð sem eru töluvert hærri en almennt tíðkast og hafa borist kvartanir frá foreldrum vegna þessa.

Þess má geta að haustið 2023 fundaði menningar- og íþróttasvið með frístundaheimilum og íþróttafélögum í öllum hverfum vegna stöðunnar, það er hækkun aksturskostnaðar og einnig vegna samskipta s.s. varðandi fylgd og tímasetningu æfinga fyrir yngstu börnin. Í kjölfarið á þessum fundum sendum við ábendingar til íþróttafélaganna varðandi tækifæri til hagræðingar og samræmingar:

1. Að börn í 1. og 2. bekk á frístundaheimilum endi daginn á æfingum, það er röðin eftir skóla sé 5.- 6. bekkur, 3. - 4. bekkur og loks 1.- 2. bekkur, þegar það á við. Þannig er reynt að stíla inn á á börnin á frístundaheimilum séu að æfa á tímabilinu 15:00 – 17:00.
2. Að aðallega sé verið að bjóða akstur/og eða fylgd fyrir yngsta hópinn, það er 1. – 2. bekk.
3. Að nota fleiri minni rútur ef vegalengdin er löng eða margir staðir svo að börnin séu ekki lengur en 20 – 30 mín. að komast á áfangastað.



4. Foreldrar sækja börnin að lokinni æfingu.
 - a. Skoða þarf hvernig íþróttafélag gæti barna ef börn þurfa að bíða eftir að vera sótt. Best ef ákveðinn staður er inni íþróttahúsi.
5. Að það sé boðið upp á fylgd í rútu a.m.k. ef stór rúta (> 16 manna). Ef ekki er boðið uppá fylgd er æskilegt að það sé tekið á móti þeim hjá íþróttafélagi.
6. Að allir noti „Sportabler“ til að skrá sérstaklega í rúturnar til að sjá hvaða börn eiga að vera í rúttunni þ.e foreldrar, íþróttafélag, frístundaheimili og rútabílstjóri geta séð „sín“ börn. Það er mikilvægt að þetta sé gert rétt þannig að það sé alltaf hægt að rekja ferðir yngstu barnanna og þar með eykur það öryggi þeirra.
7. Að samræma verðlagningu og allir rukki sama það er t.d 6.000 (1 ferð á viku)/12.000 (2 ferðir á viku)/18.000 (3 ferðir á vikur) pr. æfingarönn.
8. Að fá foreldra til að skutla yngstu börnunum, allavega 1. bekk fyrstu tvær vikurnar eftir að skólinn byrjar, til að sýna þeim aðstöðu og leiðirnar og gefa þeim þannig færi á að aðlagast vel.
9. Að íþróttafélag taki þátt í upplýsingafundum fyrir foreldra barna í 1. bekk að hausti og kynni fyrirkomulag akstursins og minni á mikilvægi þess að þau þjálfí börnin sín í þessu. Einnig á rétta hversu mikilvægt út frá öryggi barnanna að þau séu skráð í „Sportabler“.
10. Afmarka rútabílastæði á lóð félaganna þannig að verið sé að „sleppa“ börnum beint út á gangstétt. Nota girðingar ef stýra þarf börnum á rétta staði og stórir hópar að koma í einu.
11. Að skoða að bjóða þennan akstur heilstætt út til að lækka kostnað og tryggja stöðugleika í þjónustunni eða hvort hægt sé að nýta núverandi sundaksturssamning skóla- og frístundasviðs.

Menningar- og íþróttasvið ásamt ÍBR mun funda með íþróttafulltrúum í vetur til að rýna árangur og ræða áherslur komandi árs.

Flestir, ef ekki allir, eru sammála um mikilvægi þess að bjóða yngstu börnunum þ.e. 1. og 2. bekk, að klára æfingar innan skóla- og frístundadagsins. Til að það sé unnt þá er akstur og fylgd lykilbreyta og tryggir þeim jöfn tækifæri til að taka þátt í íþróttastarfi. Framkvæmdin verður að vera fagleg þar sem að við þurfum að tryggja öryggi barnanna og kenna þeim að verða sjálfbjarga að koma sér til og frá æfingarsvæði eftir öruggum leiðum. Til að tryggja þjónustuframboðið þarf að vera sátt um uppskiptingu kostnaðar milli Reykjavíkurborgar, foreldra og íþróttafélags og einnig um skipulag fylgdar milli frístundaheimila og íþróttafélaga.

Virðingarfyllst,
Helga Friðriksdóttir
Íþróttaborgin
Menningar- og íþróttasvið